

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssona  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 10. febrúar 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, með síðari breytingum (278. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við athugasemdir frá FATF.*

Ofangreint frumvarp er lagt fram í þeim tilgangi að bregðast við athugasemdum frá FATF vegna skorts á eftirfylgni á reglum þeirra í íslenskum lögum. Fagna verður því að viðbrögð komin fram við þeim athugasemdum sem hafa verið gerðar af hálfu FATF þó gagnrýna verður hversu langur viðbragstíminn hefur verið.

Ekki eru miklar athugasemdir gerðar við efni frumvarpsins, enda verið að bregðast við athugasemdum sem okkur ber lagaleg skylda að verða við. Sérstaklega ber að fagna þeim breytingum er gerðar er á viðurkenndum skilríkjum, með því að viðurkenna rafræn skilríki er verið að auðvelda starf fjármálastofnana verulega og gera rafræna þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki enn aðgengilegri. Einnig verður sérstaklega að fagna því samstarfi sem haft var við sérfræði- og hagsmunaaðila í undirbúningi og vinnu við ofangreint frumvarp.

Þó að frumvarpinu í heild verði að fagna verður ekki hjá því komist að gera athugasemd við 7. gr. þess. Þessari grein er ætlað að breyta viðurlagaákvæði laganna og er sett fram í samræmi við athugasemdir FATF. Ljóst er að okkur ber lagaleg skylda til að verða við slíkum athugasemdum og þar með rýmka ramma viðurlagaákvæðis laganna. Hins vegar verður að gera athugasemd við þá framsetningu sem er í ofangreindu frumvarpi. Ákvæðið er bæði óskýrt og of matskennt. Ekki er fyllilega ljóst hverjir það eru sem munu falla undir breytt ákvæði og því varla að ákvæðið standist lágmarkskröfur um skýrleika refsheimilda. Meðalhófs verður að gæta þegar settar eru refsheimildir vegna aðgerða innan fyrirtækja og hafið yfir allan vafa hvað í henni felst. Mikilvægt er að fullljóst sé hvar ábyrgð stjórnenda liggur og hverjir það eru sem teljast til ábyrga aðila, einnig er mikilvægt að ljóst sé hvað er á ábyrgð fyrirtækisins og hvað liggja hjá viðkomandi stjórnendum. Orkar því tvímælis að setja þessa refsheimild fram eins og gert er í ofangreindu frumvarpi.

***Viðskiptaráð Íslands leggur til að ofangreind tillaga nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra upplýsinga***

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands